

Föstudaginn 7. júlí 1995.

Nr. 17/1995.

**Alþýðusamband Íslands
f.h. Sjómannasambandi Íslands
vegna Sjómanna- og vélstjóradeildar
Verkalýðsfélags Akraness**

(Hjalti Steinþórsson hrl.)

gegn

**Vinnuveitendasambandi Íslands f.h.
Landssambands íslenskra útvegsmanna
vegna Útvegsmannafélags Akraness
f.h. Krossvíkur hf., Akranesi**

(Jónas Haraldsson hdl.)

Kjarasamningur. Skiptakjör. Sératkvæði.

Dómur Félagsdóms.

Mál þetta dæma Eggert Óskarsson, Björn Helgason, Ingibjörg Benediktsdóttir, Gunnar Sæmundsson og Valgeir Pálsson.

Stefnandi er Alþýðusamband Íslands, kt. 420169-6209, Grensás-vegi 16a, f.h. Sjómannasambands Íslands, kt. 570269-2249, Borgartúni 18, Reykjavík vegna Sjómanna- og vélstjóradeildar Verkalýðsfélags Akraness, kt. 680269-6889, Kirkjubraut 40, Akranesi.

Stefndi er Vinnuveitendasamband Íslands, kt. 700269-3029, Garðastræti 41, Reykjavík f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna, kt. 420269-0649, Hafnarhvoli v/Tryggvagötu, Reykjavík vegna Útvegsmannafélags Akraness, kt. 620775-0459, Akranesi, f.h. Krossvíkur hf., kt. 450973-1499, Vesturgötu 3-9, Akranesi.

Dómkröfur stefnanda:

1. Að staðfest verði með dómi að með því að greiða félagsmönnum stefnanda í áhöfn Höfðavíkur AK-200 lægra verð fyrir hlut þeirra í afla skipsins en fáanlegt var samkvæmt fyrirbyggjandi tilboði í aflann úr veiðiferð er lauk hinn 10. febrúar síðastliðinn hafi útgerð skipsins Krossvíkur hf. brotið gegn ákv. 1. mgr. greinar 1.24 í kjarasamningi aðila frá 24. nóvember 1990.
2. Að stefnda verði gert að greiða sekt í félagssjóði Verkalýðsfélags Akraness skv. gr. 1.37. í kjarasamningi aðila frá 24. nóvember 1990.

3. Að stefnda verði gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins.

Dómkröfur stefnanda eru þessar:

1. Að stefndi verði sýknaður af öllum dómkröfum stefnanda.
2. Að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað að mati dómsins.

Mál þetta var þingfest hinn 22. maí sl. og dómtekið að loknum munnlegum málflutningi hinn 30. júní sl.

Málavextir.

Fiskmarkaðir hófu starfsemi á árinu 1987 og frá árinu 1991 hefur verðlagning á fiski verið frjáls. Í ársbyrjun 1995 beindu samtök sjómanna áskorun til fiskverkenda, sem ekki eru jafnframt útgerðarmenn, að þeir gerðust virkari í viðskiptum með fisk en verið hefði m.a. með því að bjóða í afla skipa þótt ekki lægi fyrir að til stæði að landa honum á fiskmarkaði. Með tilboði dagsettu 9. febrúar 1995 gerði Fiskmarkaðurinn hf. í Hafnarfirði f.h. kaupenda tilboð í afla b/v Höfðavíkur AK-200 sem landa átti á Akranesi 10. febrúar 1995. Var tilboðinu beint til framkvæmdastjóra útgerðar skipsins, Krossvíkur hf. og sent með símbréfi kl. 17:41 þann 9. febrúar 1995 eftir að skrifstofunni hafði verið lokað. Tilboð þetta barst til vitundar framkvæmdastjóra Krossvíkur hf. að morgni þann 10. febrúar 1995 eftir að löndun var hafin og var tilboðinu ekki sinnt af hálfu útgerðarinnar. Gerð var krafa til þess að gert væri upp við áhöfn skipsins á grundvelli þeirra verða sem boðin voru í tilboðinu en við þeirri kröfu var ekki orðið. Telur stefnandi að með þessu hátterni hafi útgerð skipsins brotið gegn ákvæði 1. mgr. greinar 1.24. í kjarasamningi aðila frá 24. nóvember 1990 og að nauðsyn beri til að fá viðurkenningu Félagsdóms á því. Sé stefnanda því nauðsyn á að höfða mál þetta.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Af hálfu stefnanda er m.a. tekið fram um málsatvik að frá því að verðlagning á fiski hafi verið gefin frjáls á árinu 1991 hafi hún í vaxandi mæli ráðist af verðmyndun á fiskmörkuðum þar sem framboð og eftirspurn ráði mestu um verðið hverju sinni. Veigamiklar undantekningar hafi þó verið frá þessari meginreglu þegar í hlut eigi útgerðir sem jafnframt reki fiskverkun. Hafi þessar útgerðir viljað ákveða einhliða það verð sem þær gjalda fyrir aflahlut sjómanna þegar þær ráðstafa afla skipa sinna til eigin fiskverkunar. Hafi

sprottið af þessu deilur milli sjómanna og útvegsmanna en sjómenn hafi talið útgerðarmenn oft á tíðum sniðganga samningsbundinn rétt þeirra til hæsta gangverðs aflahlutarins hverju sinni.

Í tilboði því sem Fiskmarkaðurinn hf. í Hafnarfirði hafi gert í afla b/v Höfðavíkur AK-200 hinn 9. febrúar 1995 hafi verið boðin áþekk verð og algeng hafi verið á fiskmörkuðum á þessum tíma. Þrátt fyrir tilboð þetta hafi útgerðin ráðstafað afla skipsins til eigin fiskverkunar og gert upp við skipverja á grundvelli verða sem hún hafi ákvæðið einhliða fyrir hverja tegund. Hafi þau verð verið verulega lægri en þau verð sem boðin voru í tilboði Fiskmarkaðarins hf. Hafi hásetahlutur sá sem útgerðin greiddi fyrir afla umræddrar veiðiferðar verið kr. 30.252 lægri en verið hefði ef tilboði Fiskmarkaðarins hf. hefði verið tekið.

Stefnandi byggir kröfur sínar á ákvæði 1. mgr. greinar 1.24. í kjarasamningi aðila frá 24. nóvember 1990 en þar segir: „Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans og skal skipverjum tryggt hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær. Sama gildir um hrogn, lifur og bein.“ Þetta ákvæði telur stefnandi eiga að túlka svo að útgerðarmanni sé skylt að greiða skipverjum það verð fyrir aflahlut þeirra sem sannanlega var hæsta fánlegt verð í hverju tilviki. Í því tilviki, sem hér um ræðir, hafi legið fyrir tilboð í afla skipsins um hærri verð en útgerðarmaður stóð skipverjum skil á. Hafi hann með því brotið gegn hinu tilvitnaða ákvæði kjarasamnings aðila.

Frá fornu fari hafi sjómenn á fiskiskipum fengið laun sín greidd í formi aflahlutar. Afla veiðiskips hafi verið skipt í hluti og átti hver skipverja sinn hlut. Aflinn hafi því verið sameign útgerðarmanns og skipverja. Þetta fyrirkomulag hafi haldist í grundvallaratriðum óbreytt. Þó hafi útgerðarmaður lengi haft umboð til þess að ráðstafa aflanum í heild en ávallt hafi honum borið skylda til þess að gæta þess að skipverjar fengju fullt verð fyrir sinn hluta í aflanum. Verði þetta ljóst ef skoðuð séu ákvæði eldri kjarasamninga.

Í togarasamningi frá 5. mars 1952 segir í lokamálslið 2. greinar varðandi söluverð afla sem landað er innanlands: „Söluverð fisksins skal ekki vera undir almennu gangverði miðað við gæði fisksins“.

Í samningi um kaup og kjör á línuveiðum frá 3. febrúar 1956 segir í 1. málslið 14. greinar samningsins: „Leita skal samþykkis skipverja á sölu á fiski, sem útgerðarmenn kaupa sjálfir af skipum sínum. ...“.

Í 9. grein samningsins frá 3. febrúar 1956 um kaup og kjör á þorskanetjaveiðum segir: „... Skipverjum skal heimilt að hafa 1 fulltrúa úr sínum hópi, samþykktan af stjórn viðkomandi félags, til þess að fylgjast með sölu, og skal útgerðarmanni skylt að ráðfæra sig við hann um allar sölar áður en þær fara fram. Óski útgerðarmaður að kaupa sjálfur fyrir það verð, sem um er að ræða, þegar sölar fara fram, þá skal hann hafa forkaupsrétt. ...“

Í samningi frá 24. janúar 1961, um kjör háseta, matsveina og vélstjóra á vélbátum sem veiða með línu, netum, botnvörpu, dragnót og humarvörpu, segir í 10. grein: „Útgerðarmaður hefur með höndum sölu aflans, og skal skipverjum tryggt gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra en útgerðarmaður fær. Sama gildir um hrogn, lifur og bein.“

Framangreint ákvæði hafi verið óbreytt í kjarasamningi Sjómannasambands Íslands til 24. nóvember 1990 en þá sé orðinu „gangverð“ breytt í „hæsta gangverð“. Ástæðan hafi verið aukið frelsi í fiskviðskiptum. Fiskmarkaðir hafi tekið til starfa á árinu 1987 og það ár hafi fiskverð einnig verið gefið frjálst til reynslu. Fyrirséð hafi verið að Verðlagsráð sjávarútvegsins hefði gengið sér til húðar og því verið skert á framangreindu ákvæði í kjarasamningum varðandi gangverð til að mæta breyttum tímum, en verðákvörðun á fiski hafi að mestu verið í höndum Verðlagsráðs sjávarútvegsins frá því að fyrst voru sett lög um það hinn 18. desember 1961 og allt til þess að fiskmarkaðir hófu starfsemi á árinu 1987.

Af hálfu stefnanda er á því byggt að útgerðarmaður komi fram sem umboðsmaður áhafnar við sölu aflahlutar hennar. Umboð hans sé þó takmarkað á þann hátt, að honum sé óheimilt að selja aflahlut áhafnar fyrir lægra verð en hæst sé fánlegt. Leiði þetta af orðalagi 1. mgr. gr. 1.24. í kjarasamningi aðila, en auk þess styðji önnur ákvæði samningsins þessa túlkun svo sem ákvæði í grein 1.32., 5.26. og 5.44., en þessi ákvæði tryggi skipverjum aðgang að gögnum um söluverð afla og um útreikninga aflahlutar og uppgjörs. Í grein 1.36. séu svo settar skordur við því, að gerðir séu sérsamningar við einstaka skipverja eða skipshafnir sem fari í bága við kjarasamning aðila.

Krafa stefnanda um sekt er byggð á grein 1.37. í kjarasamningi aðila. Um málskostnaðarkröfu aðila vísast til ákvæða XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 69. gr. laga nr. 80/1938.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Af hálfu stefnda er tekið fram um málsatvik að tilboð það, sem barst í afla b/v Höfðavíkur AK-200 frá Fiskmarkaðinum hf. í Hafnarfirði, hafi verið eitt af mörgum, sem nokkrum útgerðarfyrirtækjum hafi borist á stuttu tímabili í afla skipa þeirra frá fiskmörkuðum. Hafi hér verið um að ræða samstarfsverkefni sjómannasamtakanna (S.S.Í., V.S.F.Í. og F.F.S.Í.) og Samtaka fiskvinnslustöðva án útgerða (S.F.Á.Ú). Markmið S.F.Á.Ú. hafi verið að fá allan fisk á fiskmarkað, sem tryggir félagsmönnum S.F.Á.Ú. nóg hráefni og ódýrt, þar sem verulega aukið framboð af fiski hrífellir verðið á fiskmörkuðunum. Ekki liggi ljóst fyrir hvaða ávinning sjómannasamtökin telja sig hafa af slíku samstarfi við S.F.Á.Ú. að vinna að því að fiskverð lækki verulega.

Hvorki stefndi né önnur útgerðarfyrirtæki, sem hafði borist tilboð í afla skipa sinna, hafi sinnt þessum tilboðum, þar sem menn töldu að það væri ekki í hlutverki eða á valdi fiskmarkaða að óbreyttum reglum að gefa föst tilboð fyrir þriðja aðila í einstaka fiskfarma. Hlutverk uppboðsmarkaða væri eingöngu að bjóða upp þann fisk, sem þeim væri falið af fúsum og frjálsum vilja að bjóða upp.

Vegna kvartana L.Í.Ú. yfir þessu atferli fiskmarkaðanna hafi forsvarsmenn fiskmarkaðanna skrifað bréf til sjávarútvegsráðuneytisins, sem hafi úrskurðað að Fiskmarkaðinum hf. hefði verið óheimilt að gefa föst verðtilboð fyrir þriðja aðila í einstaka farma fiskiskipa. Væri það ekki í hlutverki eða á valdsviði fiskmarkaðanna og þeim því ólögmætt. Eftir að þessi stjórnvaldsúrskurður lá fyrir frá sjávarútvegsráðuneytinu hafi tilboð frá þessum aðilum hætt að berast.

Stefnandi hafi á hinn bóginn ekki sætt sig við þennan stjórnvaldsúrskurð, en telur þvert á móti, að stefndi sé bundinn við þetta tilboð Fiskmarkaðarins hf. Annað sé brot á kjarasamningi aðila og varði stefnda sektum. Af þeim sökum höfðar hann mál þetta.

Um sakarefnið.

Í máli þessu er deilt um skilning á 1. mgr. 1.24. gr. í kjarasamningi S.S.Í. og L.Í.Ú., sem stefnandi telur að stefndi hafi brotið, með því að gangast ekki undir áður nefnt tilboð, sem varði hann sektum skv. gr. 1.37. í kjarasamningum aðila.

Stefnandi byggir kröfu sína á þeirri skoðun sinni, að orðin „hæsta gangverð“ fyrir fisk, þýði það sama og hæsta verð, sem einhver kunni að vilja greiða hverju sinni. Þessa skoðun telur stefndi ranga,

enda geti gangverð ekki verið hæsta verð, meðalverð á fiskmörkuðum; uppboðsverð eða tilboðsverð, sem einhver býður einhverjum einhvers staðar.

Hljóti það að vera hlutverk stefnanda að sýna fram á og sanna að hugtakið „hæsta gangverð“ hafi þá merkingu, sem hann heldur fram. Stefnandi verði að útskýra tilurð ákvæðisins og hvernig það hafi verið hugsað í upphafi, einnig hvernig hæsta gangverð myndist, hvort það sé bundið við verstöð, landsvæði eða landið allt, hver sé munurinn á gangverði og hæsta gangverði og svo framvegis. Takist stefnanda ekki að sanna hver sé rétt túlkun á hugtakinu hæsta gangverð beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda af þeim sökum einum saman. Stefnda verði ekki refsað á grundvelli óskilgreinds hugtaks.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á eftirfarandi:

Samkvæmt grein 1.24. í kjarasamningi S.S.Í. og L.Í.Ú. hafi útgerðarmaður með höndum sölu aflans, en skipverjum skuli tryggt hæsta gangverð aflans, þó aldrei minna en útgerðarmaður fái fyrir fiskinn. Þetta ákvæði sé 35-45 ára gamalt og hafi ekki lengur raunhæfa þýðingu eftir að Verðlagsráð sjávarútvegsins hóf að ákvarða lágmarksfiskverð á sínum tíma, sem varð að því gangverði, er gildi almennt milli fiskkaupanda og fiskseljanda, sbr. dóm Félagsdóms 1969-106. Eftir að fiskverð hafi verið gefið alfarið frjálst 1991 og áhöfn og útgerð, sem fiskseljandi, skulu semja við fiskkaupanda hver á sínum stað um fiskverð, sé skilgreiningin „hæsta gangverð“ orðin nánast markleysa. Sé útilokað að gangverð á fiski á Íslandi geti mótast af því litla magni fiskjar, sem sett sé á uppboðsmarkaði hverju sinni, þar sem fiskverðin sveiflast auk þess upp og niður, eins og gerist á uppboðsmörkuðum. Komi fram að á tímabilinu 1.1.-1.6. 1995 sveiflast t.d. verð á ýsu á fiskmörkuðunum frá 5 kr. til 230 kr., þorski frá 24 kr. til 231 kr. og karfa frá 5 kr. til 446 kr.

Stefndi telur, að hæsta gangverð hljóti að vera það verð er gangi manna í milli almennt í viðskiptum í viðkomandi verstöð, í þessu tilfelli Akranesi. Undirstrikar stefndi að á Akranesi séu tvö stór fiskvinnslufyrirtæki, annars vegar fiskvinnsla stefnda og hins vegar fiskvinnsla Haraldar Böðvarssonar hf. Þessir aðilar móti gangverðið á fiski á Akranesi. Þau hafi greitt á þessum tíma nánast sama fiskverð, sem gilt hafi til ákveðins tíma í senn. Hæsta gangverð á fiski á Akranesi, ef hægt sé þá að tala um, hafi því verið það verð, sem

stefndi hafi greitt áhöfn sinni. Með því hafi hann fullnægt gr. 1.24. um greiðslu hæsta gangverðs, eins og kjarasamningar krefjast, þótt það verð hafi e.t.v. ekki verið hæsta verð, sem fyrir fannst. Í öllum tilvikum fái áhöfn og útgerð sama verð til skipta og er það í samræmi við ákvæði gr. 1.24.

Aðalsýknukrafa stefnda byggist á því, að tilboð það, sem Fiskmarkaðurinn hf. gaf í afla b/v Höfðavíkur AK-200 hafi verið ólög-mætt og ekki skuldbindandi fyrir stefnda. Sjávarútvegsráðuneytið hafi úrskurðað með bréfi dags. 9. mars 1995 að Fiskmarkaðinum hf. hafi ekki verið heimilt að gefa föst verðtilboð fyrir hönd þriðja aðila í afla skipa. Þegar af þeirri ástæðu beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda. Ágreiningurinn í máli þessu snúist í raun fyrst og fremst um gildi þessa stjórnvaldsúrskurðar frekar en skilning á ákveðinni grein í kjarasamningi.

Pá bendir stefndi auk þess á, að hefði tilboðið verið talið standast, þá hafi tilboðið borist allt of seint til þess að hægt hefði verið að sinna því. Hafi löndun úr skipinu verið komin vel á veg, þegar framkvæmdastjóri stefnda varð var við að símbréf hafði borist. Í tilboðið hafi auk þess vantað ýmsar grundvallarupplýsingar til þess að hægt hefði verið að ganga að því, hefði það komið yfirhöfuð til álita, t.d. hvort selja hefði átt hluta aflans til útlanda á ísfiskmarkaði, en þá hefði seljandinn fengið 10-20% álag á kvótann, þ.e. kvótaskerðingu.

Pá áréttar stefndi að áhöfn skipsins hafi ekki gert athugasemdir við uppgjör vegna þessarar veiðiferðar. Hafi hún tekið við uppgjöri án fyrirvara og athugasemda um betri rétt. Á þessum tíma hafi áhöfn, útgerð og fiskvinnsla verið í samningaviðræðum um nýtt fiskverð og hafi verið í gildi fiskverðsamkomulag, er gilt hafi til 15. febrúar 1995 a.m.k. Hafi stefnda verið óskýlt að hlíta því að taka tilboði þriðja aðila á samningstímanum.

Niðurstaða.

Eftir 1.24. grein kjarasamnings aðila frá 24. nóvember 1990 hefur útgerðarmaður með höndum sölu afla og skal skipverjum tryggt hæsta gangverð fyrir fiskinn, þó aldrei lægra verð en útgerðarmaður fær. Ljóst er að skipshöfn á hlut í aflanum og samkvæmt ákvæði þessu er útgerðarmanni veitt umboð til sölu aflans fyrir þeirra hönd með tilteknum skilyrðum. Veiðiferð Höfðavíkur AK-100 lauk 10. febrúar 1995 og var aflanum landað á Akranesi. Löndun var hafin er stefnda, Krossvík hf. á Akranesi, barst tilboð frá Fiskmarkaðin-

um hf. í Hafnarfirði um kaup á aflanum. Er óumdeilt að tilboð þetta barst í símbréfi á skrifstofu stefnda eftir lokun hennar 9. febrúar sl. og komst ekki til vitundar framkvæmdastjóra stefnda fyrr en að morgni næsta dags, er löndun var hafin. Stefnandi byggir málalítilbúnað sinn á því að sannanlega hafi verið hægt að fá herra verð fyrir aflann samkvæmt tilboðinu en útgerð stefnda greiddi skipshöfninni og með því hafi stefndi brotið gegn framangreindu kjarasamningsákvæði. Tilboðsgjafa, Fiskmarkaðinum hf. í Hafnarfirði, mátti vera ljóst er hann sendi tilboðið í símbréfi kl. 17:41 þann 9. febrúar, að tilboðið myndi koma of seint fram. Stefnanda hefur því ekki tekist að sýna fram á að fram hafi komið raunhæft tilboð í aflann, sem var herra en skipverjar fengu í aflahlut sinn. Er stefndi því þegar af þessari ástæðu sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt að dæma stefnanda til að greiða stefnda 70.000 krónur í málskostnað.

D ó m s o r ð :

Stefndi, Vinnuveitendasamband Íslands f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna vegna Útvegsmannafélags Akraness f.h. Krossvíkur hf., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Alþýðusambands Íslands f.h. Sjómannasambands Íslands vegna Sjómanna- og vélstjóradeildar Verkalýðsfélags Akraness.

Stefnandi greiði stefnda 70.000 krónur í málskostnað.

S é r a t k v æ ð i

Gunnars Sæmundssonar.

Telja verður að hlutur skipverja sé eign þeirra uns aflinn hefur verið seldur. Til þess bendir sjálft orðið hlutur svo og orðalag 1. mgr. greinar 1.24. í kjarasamningi aðila frá 24. nóvember 1990 og 1. mgr. greinar 3.0 í kjarasamningi frá 15. júní 1995. Útgerðarmaður kemur því fram sem umboðsmaður þeirra við sölu þess hluta aflans og fer um umboð hans skv. sérreglum í kjarasamningi og almennum reglum um umboðsmennsku.

Við úrlausn máls þessa skiptir ekki máli hvort tilboðið frá 9. febrúar 1995 kom til vitundar stefnda Krossvíkur hf. áður en löndun aflans hófst eða eftir það þar sem ekki er á því byggt af hálfu stefn-

anda að stefnda hafi verið skylt að taka tilboðinu, heldur því að honum hafi sem kaupanda að aflahlut skipverja borið að greiða þeim það verð fyrir hann sem í því greinir.

Það er meginregla í íslenskum rétti að jafnt lögaðilar sem einstaklingar geti komið fram í umboði annarra. Ekki verður séð að lög nr. 123/1989 um uppboðsmarkað takmarki rétt slíks markaðs til að koma fram sem umboðsmaður og í starfsreglum sumra þeirra mun slíkt beinlínis talið á starfssviði þeirra, sbr. bréf Fiskmarkaðarins hf. frá 14. febrúar 1995. Loks mun slík umboðsmennska hafa verið látin óátalin af sjávarútvegsráðuneytinu þar til í bréfi þess frá 9. mars 1995. Ekki eru því rök til að telja framangreint tilboð ólög-mætt og ómerkt af þeim sökum að tilboðsgjafa hafi skort heimild til að gera slíkt tilboð fyrir hönd umbjóðenda sinna.

Fiskmarkaðir gegna verulegu hlutverki varðandi verðmyndun á lönduðu sjávarfangi, enda umtalsverður hluti landaðs sjávarafla seldur á þeim. Við túlkun orðsins gangverð í kjarasamningi aðila verður því að taka tillit til þess verðs sem þar gengur, með sama hætti og verðs sem greitt er fyrir afla sem seldur er beint til fiskverkenda. Hugtakið hæsta gangverð í kjarasamningnum verður því að skilja svo að það geti ekki verið lægra en meðalverð er á fiskmörkuðum á hverjum tíma á hverri fisktegund um sig. Við athugun á lokabirtingu Samstarfsnefndar sjómanna og útvegsmanna, sbr. lög nr. 79/1994, á upplýsingum um dreifingu verðs á fiski eftir tegundum í febrúar 1995, kemur í ljós að verð það sem boðið var í afla Höfðavíkur AK-200, sem landað var 10. þess mánaðar, var lægra en meðalverð fyrir sömu fisktegundir á fiskmörkuðum í þeim mánuði. Með því að greiða skipverjum lægra verð fyrir hlut þeirra í aflanum er fyrir lá við uppgjör að fáanlegt hafði verið, sbr. fyrrgreint tilboð, braut stefndi því gegn ákvæði 1. mgr. greinar 1.24. í kjarasamningi aðila frá 24. nóvember 1990.

Eftir atvikum tel ég ekki ástæðu til að gera stefnda að greiða sekt skv. grein 1.37. í nefndum kjarasamningi og tel rétt að málskostnaður falli niður.